

## 17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

Nr. 393.

4. nóvember 1976.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 131 21. apríl 1976.

## 1. gr.

2. mgr. 9. gr. hljóði þannig:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir verði hinir sömu og eru á hverjum tíma hjá Bygðasjóði og greiðist eftir á, á sömu gjalddögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51. 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

Nr. 394.

4. nóvember 1976.

## REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Neshreppi utan Ennis.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.

## 2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum,